



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 01.11.2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf., 56. mál

Í frumvarpinu er kveðið á um breytingu á stofnuninni Ríkisútvarpið í opinbert hlutafélag í eigu ríkisins. Þá felst í því að afnotagjöldum verði breytt í skatt á skattskylda einstaklinga og lögaðila, og er skattinum ætlað að skila sambærilegum tekjum til RÚV og afnotagjöldin eða um 2,8 milljörðum króna á ári.

Frumvarpið byggir á frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið hf. (401. mál) sem lagt var fram á síðasta löggjafarþingi, en það frumvarp byggði aftur á frumvarpinu um Ríkisútvarpið sf. (643. mál), sem lagt var fram á þinginu þar á undan. Samtök atvinnulífsins sendu Alþingi umsagnir um þessi lagafrumvörp, sbr. bréf SA dags. 28.04.2005 og 15.02.2006. Var niðurstaðan í umsögnum SA í báðum tilvikum sú að samtökin legðust gegn því að frumvörpin yrðu samþykkt í óbreyttri mynd þar sem þau tryggðu ekki eðlilegt jafnfræði milli opinberra aðila og einkaaðila í útvarpsrekstri. Byggðist þessi niðurstaða einkum á umfjöllun um reglur EES-samningsins um ríkisaðstoð og túlkunarreglur Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð vegna útvarpsþjónustu í almannabágu. Frumvörpin stæðust ekki þá lágmarkskröfu að samræmast reglum EES-samningsins m.a. vegna þess að skilgreining á ríkisstyrktum útvarpsrekstri RÚV væri óljós og of víðtæk og engar mælanlegar kröfur væru settar fram um þær skyldur sem RÚV bæri að sinna. Yrði því í raun ekki viðunandi fjárhagslegur aðskilnaður ríkisstyrkts rekstrar frá samkeppnisrekstri. Auk þess skorti eftirlit með því að RÚV uppfyllti ætlaðar skyldur í almannabágu.

Frumvarp það sem nú hefur verið lagt fyrir Alþingi felur aðeins í sér minni háttar breytingar frá frumvarpi um Ríkisútvarpið hf. Þar er að vísu leitast við að mæta gagnrýni um ófullnægjandi skilgreiningu á útvarpsþjónustu í almannabágu, annars vegar með því að fella brott 13. tl. 3. gr. um að það teljist útvarpsþjónusta í almannabágu að gefa út og selja áður framleitt efni á hljómplötum, snældum, geisladiskum og myndböndum. Þessi í stað er slík starfsemi felld undir 4. gr. frumvarpsins um aðra starfsemi, þ.e. starfsemi á samkeppnismarkaði. Í þeirri grein er þó ekkert annað nefnt sem tilheyrir núverandi starfsemi RÚV. Af þessu má draga þá ályktun að ekkert annað í núverandi starfsemi RÚV falli utan hugtaksins útvarps í almannabágu og sé því að engu öðru leyti um að ræða samkeppni milli RÚV og einkarekinna útvarps- og sjónvarpsstöðva. Að mati SA felur þetta í sér ranga sýn á



markað ljósvakamiðla og er algjörlega fráleitt að skilgreina með svo víðtækum hætti þá starfsemi sem réttlætir ríkisaðstoð til RÚV.

Hins vegar er ráðgert að leitast við að afmarka ríkisstyrkt starfssvið RÚV með samningi milli menntamálaráðuneytisins og RÚV ohf. um útvarpsþjónustu í almannabágu, sbr. drög í fylgiskjali II. Endurspeglar samningsdrögin það meginmarkmið með ríkisframlagi til RÚV að efla innlent dagskrárefni og er m.a. gert ráð fyrir að hlutfall íslensks sjónvarpsefnis á kjörtíma, á milli kl. 19 og 23, verði 65% í lok samningstímans (þ.e. á árinu 2010) samanborið við 44% á árinu 2005. Það er í sjálfu sér fagnaðarefni að leitast er við að taka tillit til þess sjónarmiðs sem SA hafa haldið fram í fyrri umsögnum sínum til Alþingis að skilgreining á útvarpsþjónustu í almannabágu væri ófullnægjandi og alltof víðtæk. SA telja þó að í frumvarpi um RÚV ohf. skorti einnig á að skyldur RÚV séu settar fram á mælanlegan hátt, sem þó verður að teljast eðlileg krafa gagnvart félagi sem ráðgert er að verði áskrifandi að hátt á þriðja milljarð króna í árlegan ríkisstyrk.

Hvað sem líður reglum EES-samningsins um ríkisaðstoð, telja SA að með samþykkt frumvarpsins yrði fest í sessi óhófleg mismunun í skilyrðum til útvarpsrekstrar sem engin sátt gæti orðið um og teljast verður andstæð markmiði samkeppnislaga, sbr. 1. gr. laga nr. 44/2005.

Vísað er til þess að SA hafa áður sett fram álit sitt á æskilegri aðkomu ríkisvaldsins að útvarpsstarfsemi, sbr. umsögn samtakanna dags. 13. apríl 2004 um frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum nr. 53/2000 (337. mál). Lögðu SA þar til að Ríkisútvarpinu yrði breytt í hlutafélag og skylduáskrift lögð niður. Útvarpsþjónusta í almannabágu yrði skilgreind með skýrum hætti, hún fjármögnuð af sjóði sem fengi afmarkaðar tekjur af opinberu fé, en veiting þjónustunnar yrði boðin út, þar sem aðrar útvarpsstöðvar og framleiðendur fengju jafnan rétt á að bjóða.

Til áréttingar á framangreindu sjónarmiði er gagnlegt að spyrja hver væri staðan ef Ríkisútvarpið væri ekki til og Alþingi stæði frammi fyrir því verkefni að nýta 2,8 milljarða króna til þess að efla íslenska menningu og tungu með framleiðslu og dreifingu til allra landsmanna á efni fyrir sjónvarp og hljóðvarp. Ólíklegt er að nokkrum kæmi til hugar að hagkvæmasta leiðin til þess væri að setja á laggirnar ríkisstofnun eða opinbert hlutafélag til þess að sjá um málið. Miklu líklegra væri að alþingismenn teldu vænlegra að setja á laggirnar sérstakan sjóð sem styrkti sjálfstæðar útvarpsstöðvar og framleiðendur efnis til þess að sjá um verkið, enda væri með slíkum styrkjum unnt að ná miklu meiri árangri í magni og fjölbreytni á íslensku menningarefni en með rekstri ríkisstofnunar sem sæi sjálf um framleiðslu og dreifingu. Slíkt fyrirkomulag er t.d. haft við styrki til íslenskrar kvikmyndagerðar. Kvikmyndastofnun veitir sjálfstæðum framleiðendum styrki en framleiðir ekki sjálf þær kvikmyndir sem hún vill sjá gerðar.

En nú er Ríkisútvarpið staðreynd og starfar á fjölmiðlamarkaðnum í mikilli samkeppni við önnur fyrirtæki. Með áformuðum breytingum verður Ríkisútvarpið mun öflugri keppinautur en áður þar sem sveigjanleikinn í rekstrinum verður aukinn og litlar hömlur eru lagðar á þróun starfseminnar. Þótt sérstaklega sé kveðið á um



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

fjárhagslegan aðskilnað á milli útvarpsþjónustu í almannabágu og annars rekstrar er ekki líklegt að það muni virka í þessu tilviki þar sem skilgreiningin á útvarpsþjónustu í almannabágu er svo rúm að hún getur náð yfir lang stærstan hluta starfsemi RÚV. Því er hætt við að mjög þrengi að keppinautum Ríkisútvarpsins og það fái algjöra yfirburði á markaðnum í krafti 2,8 milljarða króna árlegs ríkisstyrks, með þeim afleiðingum að í heild verði framboð af efni fábreyttara og einhæfara en nú er. Með hliðsjón af þessu verður að mati SA aldrei friður um Ríkisútvarpið ohf. í fyrirhugaðri mynd.

SA telur að önnur leið sé æskilegri. Hún felst í því að Ríkisútvarpið ohf. starfi á sambærilegum grunni og önnur fyrirtæki á markaðnum, þ.e. verði áskriftarmiðill án skylduáskriftar, leiti eftir viðskiptavinum eins og keppinautarnir og hefði af því tekjur. Hins vegar þarf líka að huga að því hvernig Ríkisútvarpið þróast frá stofnun að fyrirtæki og væri ekki óeðlilegt að einhver aðlögunartími gæfist. Slíkt mætti gera með því að stofna sérstakan sjóð fyrir framleiðslu og dreifingu á íslensku menningarefni sem hefði t.d. 700 – 800 milljónir króna árlega til ráðstöfunar. Í fyrstu gæti allt þetta fé runnið til Ríkisútvarpsins ohf. vegna umframkostnaðar fyrirtækisins en smám saman eða á 10 ára tímabili ætti fóst hlutdeild þess að lækka en hinn hluti styrksins að úthlutast á samkeppnisgrundvelli. Ríkisútvarpið jafnt sem aðrir framleiðendur og dreifiaðilar hefðu því aðgang að þessu fé. Þannig gætu smám saman fleiri komið að framleiðslu og dreifingu efnis sem myndi tryggja aukna fjölbreytni og stuðla að meiri gæðum auk þess sem jafnræði yrði á milli keppinauta á markaðnum. Með slíkri leið yrði markmiðum um stuðning við íslenska menningu náð mun betur en nú er auk þess sem hún yrði langtum kostnaðarminni fyrir skattgreiðendur. Sú leið sem fyrirhuguð er í frumvarpinu byggir hins vegar frekar á því að íslensk menning verði til innan veggja stofnunar eða fyrirtækis ríkisins fremur en að hún verði til, dafni og þróist meðal landsmanna almennt.

Verði það engu að síður niðurstaða Alþingis að engin alvarleg tilraun verði gerð til þess að færa aðkomu ríkisvaldsins að útvarpsstarfsemi til nútímahorfs heldur fylgja þeirri stefnu sem í frumvarpinu felst, telja SA óhjákvæmilegt að bæta ákvæðum í löggin sem takmarka starfsheimildir RÚV við núverandi stöðu og leitast þannig við að fyrirbyggja að RÚV misbeiti yfirburðarstöðu sinni á markaði sem fjármögnun félagsins mun færa því. Í þessu felst m.a. að ekki ætti að heimila RÚV kostun, sbr. 2. tl. fyrstu málsgreinar 11. gr. frumvarpsins og takmarka ætti sölu á auglýsingum t.d. við meðaltal útsendingartíma undanfarinna 5 ára eða svo. Þá ætti ekki að heimila RÚV að færa út kvíarnar á sviði nýrrar tegundar fjölmiðlunar t.d. með vefmiðlun eða á sviði stafrænnar tækni.

Útvarpsrekstur var sem kunnugt er gefinn frjálss fyrir um 20 árum síðan og er ljóst að einkaaðilar hafa á þessum tíma staðið sig mjög vel, sýnt mikið frumkvæði og aukið fjölbreytni í fjölmiðlun. Vegna yfirburðarstöðu sem fjármögnun RÚV hefur skapað stofnuninni hafa skilyrði einkaaðila þó verið afar erfið. Má sem dæmi nefna rekstur fréttastofa, en Skjár einn varð á sínum tíma að leggja af rekstur fréttastofu. NFS innleiddi nýlega mjög áhugaverða nýbreytni frá sjónarhóli áhorfenda, en hefur þar þurft að draga nokkuð í land vegna erfiðleika í rekstri. Frá sjónarhóli tjáningarfrelsis

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

og frjálsra skoðanaskipta í landinu er afar mikilvægt að rekstur frjálsra ljósvakamiðla á fréttastofum fái staðist og geti haldið áfram við hlið RÚV.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Guðlaugur Stefánsson

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is

